

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

241. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 4. september 2014, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Víglundur Gunnþórsson formaður, Guðrún Eik Skúladóttir, Sigurður Kjartansson og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Úlfar Trausti Þórðarson.

Formaður setti fundinn.

Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1409018** Gilsbakki 2, fyrirspurn um mögulega viðbyggingu.
- 2. Erindi nr. 1405099** Brekkulækur, hesthús og bílageymsla. Byggingarleyfisumsókn.

Tekið á dagskrá:

Afgreiðslur:

1. Erindi nr. 1409018. Gunnar Björnsson kt. 121178-5679 sendir inn fyrirspurn um mögulega viðbyggingu á íbúðarhúsi sínu að Gilsbakka 2, 531 Hvammstanga. (Laugarbakka) Meðfylgjandi er riss af mögulegri framkvæmd.

Skipulags- og umhverfissráð tekur vel í fyrirspurnina en bendir á að ef til framkvæmda kemur þarf að láta grenndarkynna framkvæmdina. Einnig þarf framkvæmdin að samræmast reglum Vegagerðarinnar.

2. Erindi nr. 1405099. Arinbjörn Jóhannesson kt. 050350-7469 sækir um byggingarleyfi vegna hesthúss og bílageymslu að Brekkulæk, 531 Hvammstanga. Málið var áður á dagskrá 5. júní 2014 á 237. fundi skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings Vestra.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir og kröfum slökkviliðsstjóra er uppfyllt.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:40

Víglundur Gunnþórsson

Guðrún Eik Skúladóttir

Sigurður Kjartansson

Ragnar Smári Helgason

Úlfar Trausti Þórðarson

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs